



## Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2017

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2016 var haldinn miðvikudaginn 22. mars 2017 kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Ása Ólafsdóttir yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Ása tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Ása gerði grein fyrir því að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Samkvæmt 10. gr. samþykktu Landsbankans, ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Boðað var til aðalfundar með auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu þann 28. febrúar sl. Var boðunin í samræmi við 10. gr. samþykktu bankans, þar sem kveðið er á um að til fundar verði að boða með skemmst tveggja vikna fyrirvara. Mætt var fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 23.570.883.747 kr., eða sem svarar til 99,7096% heildarhlutafjár. Samtals voru 35 hluthafar mættir á fundinn.

Fundarstjóri lagði til að umræður um fyrstu tvo dagskrárlíðina færu fram sameiginlega, að lokinni skýrslu bankastjóra sem er undir dagskrárlíð nr. 2, og komu ekki fram athugasemdir við það.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti líður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Formaður bankaráðs sagði m.a. í ræðu sinni að árið hafi verið viðburðaríkt fyrir Landsbankann. Hún gerði síðan stuttlega grein fyrir rekstri og fjárhag bankans.

Fram kom í máli hennar að hluthafar Landsbankans voru 1.835 í árslok 2015 en þeim hafði fækkað í 1.003 í lok árs 2016. Í september tilkynnti bankaráð Landsbankans um endurkaupaáætlun hlutabréfa í samræmi við heimild síðasta aðalfundar. Á þremur endurkaupatímabilum hefur bankinn keypt rúmlega 142 milljónir eigin hluti, eða sem nemur 0,6% af útgefnum hlutum í félaginu, og nemur kaupverð þeirra tæpum einum og hálfum milljarði króna.

Á fundi bankaráðs 7. mars sl. var samþykkt eftirfarandi arðgreiðslustefna fyrir bankann:

Handwritten signature in blue ink, possibly reading "Hó" or similar.

## Fundargerð

Landsbankinn

*Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði 60-80% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við fjármögnunarstefnu bankans er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.*

*Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn uppfylli lögbundnar kröfur á hverjum tíma og viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu.*

Helga Björk þakkaði bankaráðsmönnum og bankastjóra sem létu af störfum á síðasta starfsári og gerði síðan grein fyrir ráðningu nýs bankastjóra.

Þá vék hún að sölu bankans á eignarhlut sínum í Borgun og tók fram að betra hefði verið að selja hlut bankans í Borgun í opnu sölufrelsi. Bankinn hafi einnig sagt að hann telji sig hafa farið á mis við verðmæti í viðskiptunum, en hafi nú einsett sér að endurheimta það traust sem kann að hafa glatast.

Grundvallaratriði í stefnu bankans til ársins 2020 er að hann verði til fyrirmyndar og sé traustur samherji í fjármálum. Á árinu 2016 var unnið af krafti að innleiðingu stefnunnar og árangurinn var góður. Á árinu jókst markaðshlutdeild bankans, hvort sem litið er til þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki eða fagfjárfesta. Markaðshlutdeildin á einstaklingsmarkaði á síðasta ári mældist 37,1% og hefur aldrei verið hærri. Bankinn hélt sterkri stöðu sinni á mörkuðum í harðri samkeppni og jók hlutdeild sína á fyrirtækjamarkaði.

Fram kom að það hefur legið fyrir að núverandi húsakostur er bæði óhagkvæmur og óhentugur. Í dag fer starfsemi bankans fram í 13 húsum í Kvosinni og aðeins fjögur þeirra eru í eigu bankans. Til viðbótar er bankinn með starfsemi að Álfabakka og í Borgartúni og með geymslur og stoðþjónustu á þremur stöðum í borginni.

Nú er talið að húsnaðisþörf fyrir sameinaða starfsemi sé mun minna rými en bankinn hefur til umræða í dag. Það er því ljóst að hagkvæmara húsnaði mun spara bankanum hundruð milljóna ár hvert. Frekari tafir á úrlausn málsins eru því dýrkeyptar. Þetta er orðin verulega rekstraráhætta fyrir bankann og stendur honum fyrir þrífum í að tileinka sér nútímaleg vinnubrögð. Bankaráðið mun á vormánuðum taka ákvörðun um framtíðarhúsnaði bankans.

Helga Björk þakkaði fyrir hönd bankaráðsins Bankasýslu ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun og Seðlabanka Íslands góð samskipti á árinu. Einnig þakkaði hún viðskiptavinum viðskiptin og tryggðina við bankann og starfsmönnum fyrir ötulnt og gott starf á undanförunum árum.

## 2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2016 og áritun endurskoðenda. Jafnframt fór hún yfir markmið og áherslur í starfsemi bankans á árinu 2016.

Í máli hennar kom m.a. fram að bankinn var með mestu markaðshlutdeild meðal einstaklinga á árinu, eða 37,1%, og næstmestu hlutdeild meðal fyrirtækja, eða 33,4%. Hún gerði síðan grein fyrir þróun afkomu bankans á árinu og stærstu liðum rekstrarreiknings. Hagnaður ársins 2016 nam 16.643 milljónum á árinu samanborið við 36.460 milljónir árið 2015. Þá fór hún yfir helstu liði efnahagsreiknings og þróun þeirra milli ára.

Hreiðar Bjarnason tók til máls á fundinum og skýrði nánar fjármögnun bankans. Hann fór yfir hvernig fjármögnun bankans skiptist í innlán, lántöku, aðrar skuldir og víkjandi lán. Fram kom m.a. að bankinn gaf nýlega út skuldabréf í evrum á alþjóðamarkaði að andvirði 300 milljónir evra og voru kjörin á útgáfunni 130 punktar ofan á millibankavexti í evrum, sem eru hagstæðari kjör en íslenskum bönkum hafa boðist á alþjóðlegum markaði undanfarin ár. Hreiðar fjallaði einnig um hvernig lánshæfismat hefur þróast á undanförunum árum. Samtals hefur bankinn greitt 106,8 milljarða króna í arð á 5 árum og kom fram í máli Hreiðars að bankinn muni leitast við að stuðla að hagkvæmni í fjármagnsskipan sinni með arðgreiðslum, kaupum á eigin hlutum og útgáfu eiginfjárgerninga sem ekki teljast til almenns hlutfjár.

Lilja Björk Einarsdóttir tók til máls að nýju og fór yfir stærstu verkefni bankans á árinu 2017, en þau snúa meðal annars að umbreytingu útibúa til að styðja aukna sjálfsafgreiðslu og auka áherslu á ráðgjöf með

AS  
Aí

## Fundargerð

Landsbankinn

svonefndum 360° viðtölum við viðskiptavinum. Bankinn vinnur einnig að innleiðingu á rafrænni skjölun, nýju innlána- og greiðslukerfi og innleiðingu nýrra staðla og reglugerða.

Ársreikningur fyrir árið 2016 ásamt skýrslu endurskoðenda var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna ársins 2016 var lögð fyrir fundinn:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2016 sem nemur 0,55 krónu á hlut. Gjalddagi greiðslunnar skal vera 29. mars 2017 og skal greiðslan miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 22. mars 2017 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 13.002 milljónum króna, sem samsvarar um 78% af hagnaði ársins.

Bankaráð leggur jafnframt til við aðalfund sérstaka arðgreiðslu til hluthafa sem nemur 0,50 krónu á hlut. Gjalddagi sérstöku arðgreiðslunnar skal vera 20. september 2017 og skal greiðslan miða við hlutaskrá í lok aðalfundardags 22. mars 2017 nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs. Fjárhæð sérstöku arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 11.820 milljónum króna.

#### Arðgreiðslur á árinu 2017

	Krónur á hlut	Arðsréttindadagur	Gjalddagi
Arðgreiðsla vegna 2016	0,55	22.3.2017	29.3.2017
Sérstök arðgreiðsla	0,50	22.3.2017	20.9.2017

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári:

#### 1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

#### 2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

AK  
Að

## Fundargerð

Landsbankinn

### 3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélag. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfars, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

### 4. gr. Starfskjör helstu stjórnenda

Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármáلامarkaði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.

### 5. gr. Breytilegir kjarahættir

Landsbankinn hefur ekki tekið upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. Ef bankaráð hyggst taka upp slíkt kerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

### 6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

### 7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum.

Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur voru lagðar fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

## 6. Kosning bankaráðs

Fyrir aðalfund Landsbankans hf. var lögð tillaga um kjör eftirtalinna einstaklinga sem aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

#### Aðalmenn:

Helga Björk Eiríksdóttir  
Berglind Svavarsdóttir  
Einar Þór Bjarnason  
Hersir Sigurgeirsson  
Jón Guðmann Pétursson  
Magnús Pétursson  
Sigríður Benediktsdóttir

#### Varamenn:

Ásta Dís Óladóttir  
Samúel Guðmundsson

Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir verði kjörin formaður bankaráðs.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## Fundargerð

Landsbankinn

### 7. Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir tillögu um kosningu endurskoðanda sem lá fyrir fundinum. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði c-liðar, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, en samkvæmt 7. gr. laganna er heimilt að útvista einstökum verkefnum embættis ríkisendurskoðanda.

Eftirfarandi tillaga var því næst lesin upp:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2017. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrtækið Grant Thornton endurskoðun ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2017.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Fundarstjóri upplýsti að Bankasýsla ríkisins hefði nú borið upp breytingartillögu við áður kynnta tillögu um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi. Þessi breytingartillaga væri meðal fundargagna. Fundarstjóri skýrði frá því að hún hefði farið yfir tillögu Bankasýslunnar, og tekið þá ákvörðun að tillagan komist að á fundinum, þar sem um er að ræða breytingartillögu við áður kynnta dagskrártillögu aðalfundar. Teldist tillagan því vera löglega fram borin, með hliðsjón af 3. mgr. 14. gr. samþykta Landsbankans.

Orðalag breytingartillögunnar er með aðeins öðrum hætti en tillögu nr. 6 til aðalfundar. Vék fundarstjóri að þemur atriðum viðvíkjandi breytingartillögunni, þ.e. að hvaða leyti hún væri frábrugðin tillögu nr. 6 til aðalfundar, sem áður var kynnt:

- Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á orðalagi að í stað þess að greitt verði kr. 100.000 fyrir setu í hverri nefnd bankans, verði greidd föst 200.000 króna þóknun fyrir öll nefndarstörf. Í þessu felst þó engin breyting, þar sem bankaráðsmenn hafa í reynd setið í tveimur undirnefndum bankans til þessa. Þetta er því ekki breyting á núgildandi fyrirkomulagi, en gagnsærra og skýrara orðalag.
- Þá er í öðru lagi lagt til að varamönnum bankaráðs verði til viðbótar greiddar kr. 200.000 fyrir hvern fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat. Þetta er nýmæli, þ.e. slíkt ákvæði var ekki að finna í tillögu nr. 6 til aðalfundarins.
- Auk þess er í þriðja lagi lagt til að varamenn fái að lágmarki kr. 400.000 greiðslu á ári, fyrir setu sem varamenn í bankaráði. Þetta er nýmæli, þ.e. slíka tillögu var ekki að finna í tillögu nr. 6 til fundarins.

Fundarstjóri bar fyrst upp tillögu um að fundurinn samþykki að kjósa um breytingartillöguna, í stað áður kynntrar tillögu bankaráðs um þóknun.

Sú tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að aðalfundur Landsbankans samþykki að þóknun til bankaráðsmanna verði kr. 400.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 700.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 500.000. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 200.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 25.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í bankaráði verði kr. 200.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með Fjármálaeftirlitinu um hæfismat en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 400.000 á ári.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.**

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2018. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.


**10. Önnur mál**

Engin önnur mál voru lögð fyrir fundinn.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Helga Björk Eiríksdóttir tók til máls og þakkaði hluthöfum fyrir traustið og komuna á fundinn. Þá þakkaði hún bankaráðsmönnum fyrir samstarfið og bauð nýja bankaráðsmenn velkomna til starfa, en sagði að því búnu fundi slitið.

Fundi lauk um kl. 18:30.



Ása Ólafsdóttir  
fundarstjóri



Kristinn Briem  
fundarritari